

Endurskoðuð áætlun Íbúðalánasjóðs 2010

(um útlán, greiðslur og útgáfu íbúðabréfa)

Endurskoðuð áætlun útgáfa íbúðabréfa Íbúðalánasjóðs fyrir árið 2010 til fjármögnunar nýrra útlána er 42 – 50 milljarðar króna sem er hækkun um 8 milljarða frá fyrri tölum. Hækkunin er í samræmi við fyrirhuguð kaup sjóðsins á íbúðalánasafni samanber tilkynningu til Kauphallar frá 5. mars 2010.

Íbúðalánasjóður áætlar að ný útlán sjóðsins verði 25 – 33 milljarðar króna á árinu 2010, sem er lækkun um 4 milljarða kr. frá fyrri áætlun. Þar af er gert ráð fyrir að leiguíbúðalán nemi 10 – 12 milljörðum króna, sem er lækkun um 1 milljarð frá fyrri áætlun.

Útboð íbúðabréfa og útlán Íbúðalánasjóðs

Áætlun 2010	1.Q	2.Q	3.Q	4.Q	Alls 2010
Útgáfa íbúðabréfa	9 - 11	12 - 14	10 - 12	11 - 13	42 - 50
Ný útlán Íbúðalánasjóðs	5 - 7	6 - 8	7 - 9	7 - 9	25 - 33

Tölur eru í milljörðum ISK.

Töluverð óvissa ríkir um útlána- og útgáfuáætlanir í ljósi breyttra aðstæðna á fjármála- og fasteignamarkaði en allmikil lægð hefur verið yfir markaðinum að undanförunu. Nákvæmar tölur um áætlun útlán og útgáfu íbúðabréfa er því ekki hægt að gefa upp. Þannig geta einstöku tölur í útboðum færst á milli ársfjórðunga og veltur það á markaðsaðstæðum hverju sinni.

Íbúðalánasjóður áætlar að greiða 65 - 73 milljarða króna á árinu 2010 vegna fjármögnunarbrefa sinna en það er hækkun um 4 milljarða króna frá fyrri áætlun.

Greiðslur Íbúðalánasjóðs

Áætlun 2010	1.Q	2.Q	3.Q	4.Q	Alls 2010
Greiðslur Íbúðalánasjóðs	15 - 17	20 - 22	14 - 16	16 - 18	65 - 73

Tölur eru í milljörðum ISK.

Áætlun þessi miðast við núverandi aðstæður á fasteigna- og íbúðalánamarkaði. Verði breytingar á markaðsaðstæðum getur ofangreind áætlun breyst. Íbúðalánasjóður endurskoðar áætlanir sínar ársfjórðungslega og oftast ef þörf krefur.